

Sumarkoma

Veður hlýnar, vetur kveður
veröld skín og geislar bjart.
óskir mínar, indælt veður
og í línunum blómaskart.

Vætutíðin vökvar jörð.
Vaknar gróður innan tíðar.
Fönn sem huldi fjallaskörð
fljótt nú skolast niður hliðar.

Hjá þjálfara

Bakstur heitan ber að veita
burtu þreytan líður senn.
Oft vill streita ýmsu breyta
og þín leita sjúkir menn.

Ólafur Runólfsson



Lautarferð í Heiðmörk

Næsta sunnudagskvöld, 15. júní, ætla Iðunnarfélagar að fara í flokkum og virða fyrir sér það afrek sem félagsmenn hafa unnið í trjárækt við Grunnuvötn í Heiðmörk. Þar er líka fleira en skóg að sjá, því skógarþröstur einn hefur gert sér hreiður á þúfu við lundinn góða. Enginn skyldi ætla að þrösturinn verði hljóður meðan kvæðamenn kveða, heldur má búast við samkveðskap þrasta og manna í þetta skiptið og verður það heimsviðburður.

Ekkert gjald verður tekið af skógarmönnum frekar en venjulega en mælt er með að sem flestir hafi með sér nesti og nauðsynjar. Mæting er klukkan 20:00 við Maríuhella. Þaðan fara menn svo saman á þeim bílum sem eru hærri til hnésins. Maríuhellar eru rétt innan við hliðið að Heiðmörk – því sem snýr að Vífilstöðum.

Frá aðalfundi

Aðalfundur félagsins var haldinn á réttum tíma í marsmánuði. Af honum er fátt að fréttanna en það að stjórn félagsins var endurkjörin án breytinga ásamt varastjórn, nefndaformönnum og endurskoðendum. Formaður félagsins sagði frá gangi mála og þar kom fram að félögum fjölga stöðugt þó fundarsókn aukist ekki. Gjaldkeri félagsins lagði fram reikninga sem sýndu að fjárhagurinn er með allra besta móti. Þá kom líka fram að útgáfusjóðurinn er ekki í neinni kreppu svo væntanlega verður hægt að njaka útgáfu lagboðanna eitthvað áleiðis á næstunni. Um þetta er ekki fleira að segja.



FRÉTTABLAÐ IÐUNNAR

106. tölublað – 29. árgangur

Útgefandi: Kvæðamannafélagið Iðunn

Júní 2008

Ábm: Steindór Andersen, S. 5 652 652

Haustferð Iðunnar laugardaginn 6. september 2008

Þó ekki sé allt fast bundið, er mál að segja frá væntanlegri ferð Iðunnar sem farin verður í september næstkomandi. Fararstjóri í þessari ferð verður félagi okkar Pétur Eggerz leikari. Lagt verður af stað frá Umferðarmiðstöðinni klukkan átta að morgni laugardagsins 6. september. Farið verður um Hvalfjörð með viðkomu í Saurbæ. Þar verða í kirkjunni kveðnar vísur eftir Hallgrím Pétursson og Sveinbjörn Beinteinsson. Síðan mun leið liggja að Húsafelli og listamaðurinn Páll Guðmundsson heimsóttur. Hann ætlar að leika fyrir hópinn á steinhörpu sína, stutta kafla úr Hrafnagaldri Óðins, en Steindór Andersen syngur. Að lokinni heimsókn í Húsafell mun Páll fylgja okkur að Kolstöðum sem eru þar skammt frá, til að skoða myndlistarverk sem hann hefur gert og eru þar til sýnis. Á Kolstöðum hefur Helgi sem oftast er kenndur við fyrirtæki sitt Lúmax, komið upp glæsilegri aðstöðu sem hann lánar listamönnum endurgjaldslaust til æfinga og annarrar listiðju.

Ekki er alveg ljóst um aðra viðkomustaði þó vafalaust verði staldrað við í Reykholti. Svo er ætlunin að rifja upp atriði úr Egilssögu og fara undir kvöldið til matarveislu og í leikhús í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Eftir leiksýningu verður svo aftur haldið til Reykjavíkur. Áætlaður kostnaður fyrir hvern ferðalang er tíu þúsund krónur, sem reiknast vera þrjú þúsund fyrir matinn fjögur fyrir leikhúsið og þrjú fyrir bílinn. Vonandi vilja margir fara í þetta ferðalag því það mun gera ferðina ódýrari fyrir hvern og einn, en umfram allt skemmtilegri.

Látið eftir ykkur að panta sæti sem fyrst. Tekið verður á móti pöntunum hjá:

Steindóri Andersen í síma 863-7887 eða sandersen@simnet.is og
Péttri Eggerz í síma 897-1813 eða eggerz@simnet.is.

Kvæðamál

Um blað

Morgunblaðið blaðra í
bölvaðir þöngulhausar,
ekki skaðar þvaðrið því
þeir hafa skrúfur lausar.....

Steindór Andersen

Viðbót

....ef Pétur Blöndal fer í fri
fækkar um einn sem rausar.

Jón Ingvar Jónsson

Svar frá Pétri

Af mínum vinum mynd ég hef
með Morgunblaðið djús og eplaböku
og eftir mikið þjark og þref
þeir gátu samið eina og hálfu stöku.

Pétur Blöndal

Um blað

Harður vetur vori mein
vann og færði í hlekki.
Fallett blað á birkgrein
brumið verður ekki.

Jón Ingvar Jónsson

Um egg

Forðum daga átti egg
ástarfund með sæði;
nú er það með skalla og skegg
og skoðar gömul kvæði.

Steindór Andersen

Ef opnar þú kælinn og egginn þú sérð
og ætlar að reiða fram hátíðarverð,
þá gættu að þessu samt góður.
Að sjóða þau vinur minn ekki þú átt
og alls ekki hræra né spæla þau mátt,
þú manst að þau eiga sér móður.

Jón Ingvar Jónsson

*Í upphafi fundar í apríl lagðist þung-
lyndi á formanninn og tilkynnti hann
að þetta ár væri það síðasta sem hann
ætlaði að gefa kost á sér til stjórnar-
setu. Í fundarlok kom ómerkt vísa
í Skáldu með augljósum höfundar-
einkennum J.I.J., og því varð hann
að kannast við þetta illvirki.*

Víst hefur um þig staðið styr
sem stýrt hefur öllu í klessu.
Af hverju hættirðu ekki fyr?
Ætlarðu að svara þessu?

Jón Ingvar Jónsson

*Valgarður Egilsson hefur ort bæði
í bundnu og óbundnu máli. Þessar
dýrt kveðnu vísur eru gott dæmi um
það:*

Hljóta virðing mestu menn
meðal vorrar þjóðar,
njóta heiðurs æðsta enn
andans leita slóðar.

Slóðar leita andans enn
æðsta heiðurs njóta,
þjóðar vorrar meðal menn
mestu virðing hljóta.

ATÓMLJÓÐ
TÓMLJÓÐ
ÓMLJÓÐ
MLJÓÐ
LJÓÐ
JÓÐ
ÓÐ
Ð

*Um þetta orti Sigurður Sigurðar-
son:*

Atómljóðin þín undrun vekja
Þótt ekki sé bruðlað með höfuðstafi.
Saman anda og efni rekja
Þótt ekkert af gömlum reglum hafi.

Um vor

Vorið kátan vekur söng.
Vorið brúnum lyftir.
Vori fylgir vinna ströng.
Vorið drunga sviftir.

Um klemmu

Þegar að klemmu kemst ég í
og klúður stór að vanda,
ég gái hvar helst er húllirí
og heppilegt að stranda.

Bjargey Arnórsdóttir

*Fundur í Heiðmörk var auglýstur á
síðasta fundi vetrar.*

Vors á fundi fráleitt blunda,
fjórið lund er núna'í.
Markargrund að skal svo skunda
Á skemmtistund í Júní.

Helgi Zimsen

Núna hefur vorið völd
og víst er það
að um það verður ort í kvöld,
eða hvað?

Ragnar Böðvarsson

Kreppan

Algerlega orðinn blankur
um hef margt að kvarta,
eldsneytis er tómur tankur
tekur vart að starta.

Steindór Andersen